

Starfshópur um endurskoðun húsnæðisstefnu Hafnarfjarðar

5. fundur haldinn kl. 9:30 fimmtudaginn 6. maí 2021. Fundurinn er fjarfundur í Teams.

Mættir: Valdimar Víðisson, Arnheiður Ásdís Kolbeins, Lovísa Traustadóttir, Friðþjófur Helgi Karlsson, Guðmundur Pálsson, ráðgjafi og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu – og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun húsnæðisstefnu.

Guðmundur Pálsson, ráðgjafi KPMG fór yfir lokadrög að endurskoðaðri húsnæðisstefnu.

Umræður urðu um hlutdeildarlán sem auðvelda ungu fólki að koma sér þaki fyrir höfuðið. Upplýsingar þess efnis þurfi að koma fram í húsnæðisáætluninni. Leggja þurfi áherslu á fjölbreytnina m.a. í nýbyggingarhverfum og þurfi það að koma skýrar fram í áætluninni. Einnig vantar íbúðir sem henta inn í félagslega íbúðakerfið þar sem er langur biðlisti. Mikill skortur er á litlum einstaklingsíbúðum og varð umræða um að sveitarfélagið komi inn í þessi mál með skýrari hætti.

Bent var á að leiðrétta þurfi texta í áætluninni á nokkrum stöðum og er sviðsstjóra falið að gera umræddar breytingar í samráði við ráðgjafa KPMG.

Áætluninni var vísað til fjölskylduráðs og ákveðið að boða fund í nóvember en mörkuð hefur verið sú stefna að endurskoða húsnæðisáætlunina tvisvar á ári þar sem mikilvægt er að um lifandi skjal sé að ræða sem

Fundi slitið kl. 10:15.